

Minnisblað

Umsögn: skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar

Á fundi [fjölskylduráðs](#) Hafnarfjarðar þann 1. apríl s.l. var óskað er eftir umsögn frá fjölskyldusviði um skýrslu starfshóps fræðslu- og frístundaþjónustu sem kom út í febrúar 2016. Skýrslan fjallar um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar og eru áherslur og tillögur starfshópsins.

Hér er um afar góða samantekt að ræða um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar og veitir góða yfirsýn yfir stöðu þessara mála í sveitarfélaginu. Heppilegt hefði þó verið að fjölskyldusvið hefði annað hvort átt fulltrúa í starfshópnum eða kallað hefði verið eftir sjónarmiðum sviðsins. Börn með sérþarfir fá í mörgum tilvikum þjónustu frá fjölskyldusviði og þroskaþjálfar og félagsráðgjafar með sérþekkingu á málefnum þessarar barna eru starfandi á sviðinu.

Megin niðurstaða starfshópsins er að öllum grunnskólum Hafnarfjarðar verði gert kleift að veita öllum nemendum nám og kennslu við hæfi. Þetta markmið er í samræmi við markmið laga og reglugerða um skóla án aðgreiningar.

Í skýrslunni kemur fram að vísbendingar eru um að nemendum í sérdeildum og sérskólum utan Hafnarfjarðar sé að fjölga eftir að hafa fækkað nokkuð frá 2008. Nemendum í fjölgreinadeild Lækjarskóla hefur þó fækkað og má það væntanlega rekja til þess að vorið 2015 var ákveðið að taka ekki inn nýja nemendur.

Samhliða fækkun nemenda í sérdeildum sveitarfélagsins frá 2008 má greina aukningu á fjölda nemenda frá Hafnarfirði í sérskólum og sérúrræðum utan Hafnarfjarðar. Bendir það til að þörf sé fyrir hendi á sértækum úrræðum fyrir börn með sérþarfir.

Mikilvægt er að grunnskólar sveitarfélagsins geti mætt þörfum allra nemenda. Hinn almenni grunnskóli þarf þá að hafa nægt bolmagn til að standa undir þessu mikilvæga hlutverki s.s. hafi á að skipa nægu fagfólk, öflugan stuðning o.fl.

Mikilvægt er að grunnskólar sveitarfélagsins uppfylli lagalegar skyldur sínar. Nauðsynlegt er þó að huga að eftirfarandi þáttum áður en stefnumótandi ákvarðanir eru teknar:

- Kostnaðargreina þarf tillögur starfshópsins

- Gera þarf greiningu á árangri fjölgreinadeildar og þörf fyrir slíkt úrræði
- Leita þarf eftir umsögnum frá notendum. Gera mætti könnun meðal foreldra barna sem nota og hafa notað sérdeildir og sérskóla síðustu árin
- Kallað verði eftir umsögn frá Ráðgjafarráði fatlaðs fólks

Fjölbreytni í þjónustu við íbúa sveitarfélagsins er mikilvæg. Börn með sérþarfir hafa mismunandi þarfir og henta mismunandi úrræði. Skoða þarf vel ef fara á þá leið að þrengja val foreldra þegar kemur að skólagöngu barna með sérþarfir. Mikilvægt er að börn geti farið í almenna grunnskóla og þannig sé búið að þeim að börn með sérþarfir fái viðeigandi stuðning.

Hafnarfjörður 20. apríl 2016

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar